

<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
<b>1.</b>	<b>EES-ráðið</b>	
<b>2.</b>	<b>Sameiginlega EES-nefndin</b>	
<b>2008/EES/79/01</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2008 frá 5. nóvember 2008 um breytingu á bókun 32 við EES-samninginn, um fjárhagsfyrirkomulag vegna framkvæmdar 82. gr. ....	<b>1</b>
<b>2008/EES/79/02</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. ....	<b>6</b>
<b>2008/EES/79/03</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. ....	<b>8</b>
<b>2008/EES/79/04</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn. ....	<b>10</b>
<b>2008/EES/79/05</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn. ....	<b>11</b>
<b>2008/EES/79/06</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn. ....	<b>14</b>
<b>2008/EES/79/07</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. ....	<b>15</b>
<b>2008/EES/79/08</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. ....	<b>17</b>
<b>2008/EES/79/09</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 118/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. ....	<b>18</b>
<b>2008/EES/79/10</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. ....	<b>19</b>
<b>2008/EES/79/11</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn. ....	<b>20</b>
<b>2008/EES/79/12</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. ....	<b>22</b>
<b>2008/EES/79/13</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. ....	<b>23</b>

<b>2008/EES/79/14</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn . . . . .	24
<b>2008/EES/79/15</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn . . . . .	26
<b>2008/EES/79/16</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn . . . . .	27
<b>2008/EES/79/17</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2008 frá 7. nóvember 2008 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn . . . . .	28
	Leiðréttingar á ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar . . . . .	30

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

**4. Ráðgjafarnefnd EES**

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2. Eftirlitsstofnun EFTA**

**3. EFTA-dómstóllinn**

**III EB-STOFNANIR**

**1. Ráðið**

**2. Framkvæmdastjórnin**

**3. Dómstóllinn**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 110/2008

2008/EES/79/01

frá 5. nóvember 2008

um breytingu á bókun 32 við EES-samninginn, um fjárhagsfyrirkomulag vegna framkvæmdar 82. gr.

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þetta er í fyrsta skipti sem bókun 32 við samninginn er breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.
- 2) Ráð Evrópusambandsins samþykkti 25. júní 2002 reglugerð (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 <sup>(1)</sup> um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna, en henni hefur verið breytt með reglugerð (EB, KBE) nr. 1995/2006 <sup>(2)</sup> og reglugerð (EB) nr. 1525/2007 <sup>(3)</sup>.
- 3) Ákvæði bókunar 32 þurfa að endurspegla nýja málsmeðferð sem kveðið er á um í reglugerð (EB, KBE) nr. 1605/2002.
- 4) Gera þarf betri grein fyrir málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í bókun 32, meðal annars gildandi eindögum.
- 5) Fjárframlög EFTA-rikkjanna skulu framvegis ekki greidd í tvennu lagi.
- 6) Fella þarf úrelt ákvæði úr bókun 32.
- 7) Af þessum sökum ber að breyta bókun 32 við samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Bókun 32 við samninginn breytist sem segir í viðauka við ákvörðun þessa.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, p. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 390, 30.12.2006, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 343, 27.12.2007, bls. 9.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

## VIÐAUKI

við ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2008

Eftirfarandi komi í stað núverandi texta bókunar 32 við samninginn:

„1. gr.

*Tilhögun við ákvörðun fjárframlags EFTA-rikkanna fyrir hvert fjárhagsár (n)*

1. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal senda fastanefnd EFTA-rikkanna eigi síðar en 31. janúar ár hvert (n-1) fjárhagsáætlun sem tekur til starfsemi sem koma á til framkvæmdar á þeim tíma sem eftir er af viðkomandi fjólara fjárhagsramma, ásamt áætlaðri fjárhagsskuldbindingu vegna þeirrar starfsemi.
2. Fastanefnd EFTA-rikkanna skal senda framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna eigi síðar en 15. febrúar árið (n-1) skrá um starfsemi á vegum Evrópubandalagsins sem EFTA-ríkin vilja að skráð verði, í fyrsta skipti, í EES-viðauka við drög að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins fyrir fjárhagsárið (n). Skráin skal lögð fram með fyrirvara um nýjar tillögur sem Evrópubandalagið leggur fram á árinu (n-1) og um endanlega afstöðu EFTA-rikkanna að því er varðar þátttöku í starfseminni.
3. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal eigi síðar en 15. maí ár hvert (n-1) greina fastanefnd EFTA-rikkanna frá afstöðu sinni að því er varðar beiðnir EFTA-rikkanna um þátttöku í starfsemi á fjárhagsárinu (n) og láta fylgja eftirfarandi upplýsingar:
  - a) Viðmiðunarfjárhæðir sem tilgreindar eru „í upplýsingaskyni“ sem fjárhags- og greiðsluskuldbinding á gjaldahlíð í drögum að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins vegna starfsemi sem EFTA-ríkin taka þátt í eða hafa lagt fram ósk um að taka þátt í og reiknaðar eru í samræmi við ákvæði 82. gr. samningsins.
  - b) Áætlaðar fjárhæðir sem samsvara framlögum EFTA-rikkanna og tilgreindar eru „í upplýsingaskyni“ á tekjuhlíð í drögum að fjárlagafrumvarpi.

Afstaða framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna skal sett fram með fyrirvara um hugsanlegt framhald á viðræðum um starfsemi sem hún hefur ekki fallist á að EFTA-ríkin taki þátt í.

4. Fari svo að fjárhæðirnar, sem um getur í 3. mgr., samræmist ekki ákvæðum 82. gr. samningsins er fastanefnd EFTA-rikkanna heimilt að óska eftir leiðréttingu fyrir 1. júlí viðkomandi árs (n-1).
5. Fjárhæðirnar, sem um getur í 3. mgr., skulu leiðréttar þegar fjárlög Evrópusambandsins hafa verið samþykkt, að teknu fullu tilliti til ákvæða 82. gr. samningsins. Þessum leiðréttu fjárhæðum skal komið á framfæri við fastanefnd EFTA-rikkanna án tafar.
6. Áður en 30 dagar eru liðnir frá birtingu fjárlaga Evrópusambandsins í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* skulu formenn sameiginlegu EES-nefndarinnar staðfesta, með bréfaskiptum að frumkvæði framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, að fjárhæðirnar, sem skráðar eru í EES-viðauka við fjárlög Evrópusambandsins, samræmist ákvæðum 82. gr. samningsins.
7. Fastanefnd EFTA-rikkanna skal senda framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna eigi síðar en 1. júní fjárhagsárið (n) upplýsingar um endanlega skiptingu fjárframlagsins milli EFTA-rikkanna. Sú skipting er bindandi.
 

Hafi þessar upplýsingar ekki komið fram 1. júní fjárhagsárið (n) gilda til bráðabirgða hundraðshlutföll skiptingarinnar sem notuð var árið (n-1). Leiðréttingar skulu gerðar í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í 4. gr.
8. Hafi sameiginlega EES-nefndin ekki tekið ákvörðun um þátttöku EFTA-rikkanna í starfsemi sem skráð er í EES-viðauka við fjárlög Evrópusambandsins fyrir fjárhagsárið (n) í síðasta lagi 10. júlí fjárhagsárið (n), nema samið hafi verið um annan frest vegna sérstakra aðstæðna, eða berist ekki í síðasta lagi þann dag tilkynning um að stjórnskipulegum fyrirvara á slíki ákvörðun hafi verið aflétt, skal þátttöku EFTA-rikkanna í viðkomandi starfsemi frestað til ársins (n+1), nema samið sé um annað.
9. Eftir að þátttaka EFTA-rikkanna í tiltekinni starfsemi hefur verið ákveðin á fjárhagsárinu (n) skulu fjárframlög EFTA-rikkanna taka til allra greiðslna af viðkomandi fjárlagaliðum á því fjárhagsári, nema samið sé um annað.

2. gr.

*Greiðsla á framlögum EFTA-rikkanna*

1. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal á grundvelli EES-viðauka við fjárlög Evrópusambandsins, sem ákveðinn hefur verið í samræmi við ákvæði 6. og 7. mgr. 1. gr., senda út greiðslubeiðni fyrir hvert EFTA-ríki sem er reiknuð út samkvæmt greiðsluskuldbindingum og í samræmi við ákvæði 2. mgr. 71. gr. fjárhagsreglugerðarinnar <sup>(1)</sup>.

<sup>(1)</sup> Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna (Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1).

2. Greiðslubeiðnin skal berast EFTA-ríkjunum eigi síðar en 15. ágúst fjárhagsárið (n) og skal hvert EFTA-ríki þar beðið að greiða fjárframlag sitt eigi síðar en 31. ágúst það ár (n).

Hafi fjárlög Evrópusambandsins ekki verið samþykkt fyrir 10. júlí fjárhagsárið (n), eða daginn sem samið hefur verið um vegna sérstakra aðstæðna samkvæmt 8. mgr. 1. gr., skal óskað greiðslu á grundvelli viðmiðunarfjárhæðar sem fram kemur í drögum að fjárlagafrumvarpi. Leiðréttingar skulu gerðar í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í 4. gr.

3. Fjárframlögin skulu tilgreind og greidd í EUR.
4. Í þessu skyni skal hvert EFTA-ríki stofna fyrir hönd framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna reikning í EUR hjá ríkissjóði landsins eða hverri þeirri stofnun annarri sem ríkið tilnefnir í þessum tilgangi.
5. Verði dráttur á greiðslum inn á reikninginn, sem um getur í 4. mgr., ber hlutaðeigandi EFTA-ríki að greiða vexti sem Seðlabanki Evrópu notar vegna helstu endurfjármögnunar á sínum vegum, að viðbættu hálfu öðru prósentustigi. Miðað skal við gildandi vexti 1. júlí það ár samkvæmt birtingu í C-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins*.

3. gr.

*Framkvæmdarskilyrði*

1. Um nýtingu fjárskuldbindinga sem leiðir af þátttöku EFTA-ríkjanna fer eftir ákvæðum fjárhagsreglugerðarinnar.
2. Þegar um útböð er að ræða skal þátttaka heimil öllum aðildarríkjum EB svo og öllum EFTA-ríkjum að svo miklu leyti sem fjármögnunin er samkvæmt fjárlagaliðum sem byggjast á þátttöku EFTA-ríkjanna.

4. gr.

*Jöfnun fjárframlags EFTA-ríkjanna með hliðsjón af framkvæmd*

1. Fjárframlag EFTA-ríkjanna, sem ákveðið hefur verið fyrir hvern viðkomandi fjárlagalið í samræmi við ákvæði 82. gr. samningsins, skal haldast óbreytt allt viðkomandi fjárhagsár (n).
2. Þegar reikningum fyrir hvert fjárhagsár hefur verið lokað skal framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna reikna fjárlaganiðurstöðu EFTA-ríkjanna í tengslum við gerð ársreiknings fyrir árið (n+1), að teknu tilliti til:
  - a) greiðslna sem EFTA-ríkin hafa innt af hendi í samræmi við ákvæði 2. gr.,
  - b) hlutar EFTA-ríkjanna í heildarnýtingu fjárveitinga samkvæmt fjárlagaliðum sem samþykkt hefur verið að EFTA-ríkin taki þátt í, og
  - c) hvers kyns greiðslna á útgjöldum í tengslum við starfsemi Evrópubandalaganna sem EFTA-ríkin inna af hendi hvert um sig og greiðslna sem þau inna af hendi í fríðu (t.d. skrifstofukostnaður).
3. Fara skal með fé, sem innheimtist frá utanaðkomandi aðilum samkvæmt hverjum fjárlagalið sem samþykkt hefur verið að EFTA-ríkin taki þátt í, sem úthlutaðar tekjur á sama fjárlagalið í samræmi við staflið f) í 1. mgr. 18. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.
4. Jöfnun fjárframlaga EFTA-ríkjanna fyrir fjárhagsárið (n) á grundvelli fjárlaganiðurstöðunnar skal fara fram í tengslum við greiðslubeiðnir vegna fjárhagsársins (n+2) og byggjast á endanlegri skiptingu milli EFTA-ríkjanna á árinu (n).
5. Sameiginlega EES-nefndin skal samþykkja viðbótarreglur um framkvæmd ákvæða 1. og 4. mgr. eftir því sem nauðsyn krefur. Þetta á einkum við um gjöld sem tengjast starfsemi Evrópubandalaganna og leggjast á EFTA-ríkin hvert um sig og greiðslur sem þau inna af hendi í fríðu.

5. gr.

*Upplýsingar*

1. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal láta fastanefnd EFTA-ríkjanna í té í lok hvers ársfjórðungs útdrátt úr reikningsyfirliti sínu sem sýnir, bæði á tekju- og gjaldahlíð, stöðu á framkvæmd áætlana og annarra aðgerða sem EFTA-ríkin taka þátt í að fjármagna.
2. Við lok fjárhagsársins (n) skal framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna senda fastanefnd EFTA-ríkjanna gögn um áætlánir og aðrar aðgerðir sem EFTA-ríkin taka þátt í að fjármagna og koma fram í viðkomandi hefti ársreiknings sem gerður er í samræmi við ákvæði 126. og 127. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

3. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal láta fastanefnd EFTA-rikkjanna í té aðrar upplýsingar um fjármál sem þau geta með réttu farið fram á vegna áætlana og annarra aðgerða sem þau taka þátt í að fjármagna.

*6. gr.*

*Eftirlit*

1. Um eftirlit með ákvörðunum og aðgengi að tekjum, sem og eftirlit með skuldbindingum og útgjaldaáætlun í samræmi við þátttöku EFTA-rikkjanna, fer eftir ákvæðum stofnsáttmála Evrópubandalagsins, fjárhagsreglugerðarinnar og viðeigandi reglugerða á þeim sviðum sem um getur í 76. og 78. gr. samningsins.
2. Endurskoðendur framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna og EFTA-rikkjanna skulu koma á viðeigandi tilhögun til þess að auðvelda eftirlit með tekjum og gjöldum sem tengjast þátttöku EFTA-rikkjanna í starfsemi Evrópubandalaganna í samræmi við ákvæði 1. mgr.

*7. gr.*

*Upplýsingar um verga landsframleiðslu sem taka ber tillit til við útreikning á „hlutfallsstuðli“*

Gögn um verga landsframleiðslu á markaðsvirði, sem um getur í 82. gr. samningsins, skulu vera hin sömu og birt eru sem niðurstaða af framkvæmd 76. gr. samningsins.“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 111/2008****2008/EES/79/02****frá 7. nóvember 2008****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2008 frá 26. september 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Í staflíð b) í 6. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka kemur fram að með fyrirvara um fjárhagsskuldbindingar skuli gin- og klaufaveikibóluefnabanki bandalagsins vera bóluefnabanki fyrir alla samningsaðila.
- 3) Í staflíð b) í 6. mgr. inngangsorðanna í I. kafla I. viðauka er kveðið á um að viðræður skuli fara fram milli samningsaðila er miði að því að leysa öll vandamál svo sem þau er varða vinnuskilyrði, fjárhagsmál, mótefnaskipti, hugsanlega notkun mótefna og skyndiskoðanir.
- 4) Tilskipun ráðsins 2003/85/EB frá 29. september 2003 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki, um niðurfellingu á tilskipun 85/511/EBE og ákvörðunum 89/531/EBE og 91/665/EBE og um breytingu á tilskipun 92/46/EBE <sup>(2)</sup> hefur verið felld inn í samninginn.
- 5) Gera ber grein fyrir tilhögun í tengslum við aðgang Norðmanna að mótefnisvaka- og bóluefnabanka bandalagsins vegna gin- og klaufaveiki með tilliti til ákvæða 83. gr. tilskipunar 2003/85/EB.
- 6) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Íslands eða Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi komi í stað aðlögunarákvæðanna í lið 1a (tilskipun ráðsins 2003/85/EB) í hluta 3.1 í I. kafla I. viðauka:

„Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Ákvæði 83. gr. gilda með eftirtöldum aðlögunarákvæðum:
  1. Framkvæmdastjórnin mun koma upplýsingum um magn og gæði fyrirbyggjandi birgða af mótefnisvökum í mótefnisvakabanka bandalagsins til aðildarríkjanna og Noregs á vettvangi fastanefndar um matvælaferli og heilbrigði dýra.
  2. Sé fyrirhugað að styrkja varnarráðstafanir með neyðarbólusetningu er lögbærur stjórnvaldi í Noregi heimilt að leggja fram ítarlega beiðni um samsetningu og afhendingu bóluefna sem framleidd eru úr mótefnisvökum í mótefnisvakabanka bandalagsins, þ.e. tilgreina tegund, magn og umbúnað bóluefnisins sem þörf er á tiltekið tímabil.
  3. Framkvæmdastjórnin mun, eftir því sem við verður komið með hliðsjón af birgðum bandalagsins af mótefnisvökum og bóluefnum og að teknu tilliti til faraldursfræðistands í bandalagsríkjunum og Noregi, sjá til þess að samsetning, framleiðsla, átöppun, merking og afhending viðeigandi mótefnisvaka fari fram án tafar eða svo skjótt sem við verður komið, samkvæmt skilmálum gildandi samninga við framleiðanda mótefnisvakanna.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 12, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 306, 22.11.2003, bls. 1.



4. Óski Norðmenn eftir meira en 500 000 skömmtum eða 50 % birgða af einum eða fleiri mótefnavökum, hvort sem er meira, er heimilt, með hliðsjón af faraldursfræðiástandi, að bera málið undir aðildarríki EB á vettvangi fastanefndar um matvælaferli og heilbrigði dýra
5. Norðmenn fallast á að taka á sig kostnað vegna eftirtalinna atriða:
  - flutnings mótefnavaka frá geymslustað að starfstöð framleiðanda þar sem samsetning og frágangur bóluvefnanna á að fara fram,
  - samsetningar og framleiðslu bóluvefnanna, að meðtöldum viðbótarprófunum sem kunna að reynast nauðsynlegar eða móttakandi óskar eftir,
  - átöppunar og merkingar bóluvefnanna og flutnings þeirra á afhendingarstaðinn sem tilgreindur er í beiðninni,
  - tafarlausrar endurnýjunar mótefnavakanna, sem notaðir eru, með mótefnavökum samkvæmt sömu forskrift (sermigerð, staðgerð, Seed Master stofn) og af að minnsta kosti samsvarandi gæðum (hreinleiki, virkni o.s.frv.) og uppruna (framleiðandi, markaðsleyfi).

Framleiðandi skal senda reikninginn til viðkomandi lögbærs stjórnvalds í Noregi. Þar skal koma fram kostnaður vegna hvers einstaks liðar sem getið er hér á undan. Senda skal framkvæmdastjórninni afrit reiknings til þess að unnt sé að sannreyna og tryggja að farið sé að skilmálum gildandi samninga. Framkvæmdastjórnin mun senda stjórnvöldum í Noregi upplýsingar um niðurstöðu þess mats.

- b) Í A-hluta XI. viðauka bætist orðið „Noregur“ við í skránni um aðildarríki sem nýta sér þjónustu veirufræðideildar dönsku dýralæknastofnunarinnar (Danmarks Veterinærinstitut, Afdeling for virusforskning) í Lindholm.“

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 112/2008

2008/EES/79/03

frá 7. nóvember 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og  
XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2008 frá 14. mars 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2008 frá 26. september 2008 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir <sup>(3)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 9a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/205/EB) í XVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„9b. **32006 R 0842**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 6. gr. gilda ekki.“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/381/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„21a. **32006 R 0842**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 frá 17. maí 2006 um tiltekna, flúraðar gróðurhúsalofttegundir (Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 6. gr. gilda ekki.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 842/2006, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 182, 10.7.2008, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 42, 10.7.2008, bls. 9.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 113/2008

2008/EES/79/04

frá 7. nóvember 2008

## um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2008 frá 26. september 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 101/2008 frá 4. febrúar 2008 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almennatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og aðstandendum þeirra sem flytjast á milli aðildarríkja <sup>(2)</sup>, ásamt leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 56, 29.2.2008, bls. 65.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn:

„– **32008 R 0101**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 101/2008 frá 4. febrúar 2008 (Stjtið. ESB L 31, 5.2.2008, bls. 15) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 56, 29.2.2008, bls. 65.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 101/2008, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 56, 29.2.2008, bls. 65, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nikulás prins af Liechtenstein**

formaður.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 29, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 18.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 31, 5.2.2008, bls. 15.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 114/2008

2008/EES/79/05

frá 7. nóvember 2008

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd)  
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2008 frá 4. júlí 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) XIX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2008 frá 4. júlí 2008 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB <sup>(3)</sup>.
- 4) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2007/64/EB falla úr gildi 1. nóvember 2009 ákvæði tilskipunar 97/5/EB <sup>(4)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum þannig að breytingin öðlist gildi 1. nóvember 2009.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

IX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 16d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/10/EB):  
„16e. **32007 L 0064**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 97/7/EB, 2002/65/EB, 2005/60/EB og 2006/48/EB og um niðurfellingu tilskipunar 97/5/EB (Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 23b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB):  
„eins og henni var breytt með:  
– **32007 L 0064**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB) og lið 31e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB):  
„– **32007 L 0064**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).“
4. Texti liðar 16a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB) falli brott þannig að breytingin öðlist gildi 1. nóvember 2009.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 12, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 18.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 43, 14.2.1997, bls. 25.

## 2. gr.

XIX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 3a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB):  
„– **32007 L 0064**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1).“
2. Texti liðar 7c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB) falli brott þannig að breytingin öðlist gildi 1. nóvember 2009.

## 3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/64/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

## 4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

## 5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila****vegna ákvörðunar nr. 114/2008****um að fella tilskipun 2007/64/EB inn í samninginn**

„Samningsaðilar viðurkenna sérstöðu Liechtensteins, en hún er einkum fölginn í því að Liechtenstein og Sviss gerðu með sér samning árið 1980 um að Liechtenstein skyldi tilheyra gjaldmiðilssvæði Sviss. Greiðslur fara því um svissnesk greiðslukerfi. Nauðsynlegt er að taka fullt tillit til þessara almennu aðstæðna.“

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 115/2008****2008/EES/79/06****frá 7. nóvember 2008****um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2008 frá 4. júlí 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/286/EB frá 17. mars 2008 um breytingu á ákvörðun 2007/176/EB að því er varðar skrá yfir staðla og/eða forskriftir fyrir rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, svo og tilheyrandi aðstöðu og þjónustu <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við lið 5cy (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/176/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32008 D 0286**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/286/EB frá 17. mars 2008 (Stjtið. ESB L 93, 4.4.2008, bls. 24).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2008/286/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. nóvember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nikulás prins af Liechtenstein**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 93, 4.4.2008, bls. 24.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 116/2008

2008/EES/79/07

frá 7. nóvember 2008

## um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2008 frá 26. september 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 324/2008 frá 9. apríl 2008 um endurskoðaðar verklagsreglur um framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 324/2008 falla úr gildi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 884/2005 <sup>(3)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

## 1. gr.

Eftirfarandi komi í stað texta liðar 56r (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2005) í XIII. viðauka við samninginn:

„**32008 R 0324**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 324/2008 frá 9. apríl 2008 um endurskoðaðar verklagsreglur um framkvæmd skoðana framkvæmdastjórnarinnar á sviði siglingaverndar (Stjtið. ESB L 98, 10.4.2008, bls. 5).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í 3. mgr. 5. gr.:

